

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um skil húsnæðis leikskólans Miðborgar við Njálsgötu 9-11 og flutning starfseminnar í Ævintýraborg við Vörðuskóla***

Lagt er til að starfsstöð leikskólans Miðborgar við Njálsgötu 9-11 verði lögð niður og að húsnæðinu verði skilað til fjármála- og áhættustýringarsviðs þegar leikskólinn fer í sumarleyfi og hefji starfsemi í Ævintýraborg við Vörðuskóla haustið 2023 þar til að nýr Miðborgarleikskóli rís. Leikskólinn Miðborg reki Ævintýraborgina undir sínum formerkjum og sé þá búið að manna hluta af henni til að auðvelda inntöku nýrra barna í haust.

#### **Greinargerð:**

Leikskólinn Miðborg er rekinn í þremur húsum við Njálsgötu 9-11, Lindargötu 26 og Njálsgötu 70. Til stendur að reisa nýjan leikskóla fyrir Miðborg á svokölluðum Njálsgöturóló og leggja af rekstur á Njálsgötu og Lindargötu. Húsin eru komin til ára sinna og uppfylla ekki kröfur sem skóla- og frístundasvið gerir til leikskólahúsnæðis. Húsið á Njálsgötu er sínu verst og nýverið var gerð úttekt á húsinu þar sem kom í ljós mjög bág ástand á kjallara hússins. Tekin voru efnissýni sem sýndu að mikilvægt er að laga kjallarann svo hægt sé að nota hann en sýnin greindu mikla myglu.

Svo hægt sé að endurgera kjallarann þarf að tæma húsið og færa leikskólastarfsemina annað. Lagt er til að hún verði færð í tilvonandi Ævintýraborg við Vörðuskóla en áætlað er að þar komi fjögurra deilda leikskóli. Áætlað er að framkvæmdir við Njálsgötu taki að lágmarki 8 mánuði en líklega lengur því líkur á að verkið vindi upp á sig eru meiri í svona gömlu húsi.

Í húsnæðinu á Njálsgötu 9-11 dvelja nú 32 elstu börn leikskólans Miðborgar og þau munu klára leikskólavist sína þar. Farið verður í mótvægisáðgerðir til að tryggja þeim heilsusamlegt umhverfi á meðan þau eru á Njálsgötu 9-11 en það þýðir að rými þeirra skerðist og þrengir aðgengi að leikskólanum.